

Minnispunktar úr ferð að Skarði og  
Lækjarbotnum, Landssveit, 2/9

Helgi Torfason, Lúðvík S. Georgsson, Gestur Gíslason

Minnispunktur úr ferð að Skarði og Lækjarbotnum, Landsveit, 2/9

Farið var að Skarði í Landsveit 2.sept.1981 og skoðaður jarðhiti þar og litið við að Lækjarbotnum í sama hreppi og litið á hita í landi Lunansholts, rétt við túnfótinn að Lækjarbotnum.

Guðni Kristinsson bóndi að Skarði varð var við gufur sl. vetur er hann leitaði hesta í heiðinni norður af bænum að Skarði þar sem heitir Grávallahólar. Gufurnar stigu uppaf grjóthól einum í Þjórsárhrauninu sem þekur undirlendi á þessu svæði, og hafði Guðni ekki tekið eftir gufum á þessum stað fyrr, þótt hann hafi búið að Skarði í áratugi. Hófst Guðni handa nú í sumar og beitti gröfu á svæðið en hafði fyrst rekið niður ein fimm 2 metra löng járnror og þreifað eftir hitanum með hitamæli. Grafnar voru þrjár gryfjur en aðeins ein kom niður í vatn.

Er við komum á staðinn var suddarigning, þoka og 11-12°C hiti og svo til logn. Gryfjan sem kom í vatn er á lægsta stað í aflangri sandfylltri lægð og er vatnsborð 2.5m undir yfirborði í lægðinni og er vatnið í sprungu í hrauninu. Þannig hagar til ofarlega í Landsveit að sandfok hefur verið mikið fram á síðustu öld er farið var að reyna að hefta það; hefur því blásið sandi ofaní allar lægðir og gjár í hrauninu og engin leið að sjá sprungur nema þar sem hraunið ber yfir sandinn. Það er því mikil guðsblessun að grafan skyldi hitta beint ofaná sprungu í hrauninu, sem vafalítið er frá hinum stóru Suðurlands-skjálftum. Sprungan er um 30 cm víð og stefnir nál.065°, en heildarstefna hitans er norðlægari, nál.050°. Nokkru sunnar en hitinn er sprunga í hrauninu á nál.10m kafla en engan hita var þar að finna. Opnun: vinstra snið/lítið.

Sýnishorn var tekið af vatninu sem er tært, lyktar ekki og er bragðlítið, en talsverðar kísilútfellingar eru við sprunguna og í næstu gryfju norðanvið þó enginn hiti sé þar, og talsvert bólustreymi er úr vatninu. Sýnil.rennsli 3 l/s.

Þann 8.apríl sl. voru HeTo og GG á ferð í Stóra Klofa og litu á svæði rétt sunnan við þar sem grafið var og var þá frostlaust á nokkrum stöðum í hólunum og hiti upp að 4.9°C í jarðveginum þótt annars væri allur jarðvegur

gaddaður á túnnum og í hrauninu í kring. Var þannig á nokkuru svæði norður af svonefndri Baðsheiði, en í henni eru gufuaugu með allt að  $51^{\circ}\text{C}$  hita. Ekki varð vart við neinar gufur þá enda veður ekki hagstætt til slíkra athugana. Í Baðsheiði mældist hæst  $46.4^{\circ}\text{C}$  þann 26/8 1980.

Nánari upplýsingar eru á meðfylgjandi rissmynd, mynd 1.

Bóndinn að Lækjarbotnum, Brynjólfur Jónsson, hafði mikinn áhuga á að lítið yrði á volgru sem vitað hafði verið um í landi Lúnansholts, en sá bær hefur verið í eyði síðan nál. 1971, en eigandi er Óðinn Jakobsson. Hiti í þessari volgru reyndist mestur  $22.7^{\circ}\text{C}$  og kemur hitinn upp í dýi og rennur lítið frá hitanum en kalt vatn liggur ofaná og er nokkurt rennsli af köldu vatni frá staðnum. Brynjólfur hafði um það orð að fá leyfi til að grafið yrði frá hitanum og hafði hreppurinn einnig áhuga á málinu, en einnig var þarna viðstaddur oddviti hreppsins, Sigurbór Árnason bóndi að Hrólfsstaðahelli. Frá volgrunni eru nál. 600m að Lækjarbotnum en nál. 1500m að Lúnansholti. Einnig var stungið niður mæli í skurði rétt vestan við volgruna og hiti þar mestur  $15.4^{\circ}\text{C}$  sem er heitara en umhverfið, en mikill vatnselgur er í skurðinum. Einnig var stungið mæli í nokkur dý, slýgræn og stigu sumstaðar upp bólur eins og í volgrunni, en hiti var mestur  $13.1^{\circ}\text{C}$  sem ekki telst til stórtíðinda á þessum árstíma. Miklar kaldar lindir streyma undan jaðri Þjósárhrauns sem er þarna norðan við volgruna og er hiti í þeim  $5.0^{\circ}\text{C}$  og lindir sem streyma undan austurjaðri hraunsins við svonefndan Gildrulæk eru  $4.7-5.2^{\circ}\text{C}$ .

Lækjarbotnar fóru í mask og mál í síðasta stóra jarðskjálftanum á Suðurlandi 1896 og eru greinilegar sprungur eftir hann í hraununum austan bæjarins og liggja norðurum hraunið og fara um Flagbjarnarholt (Flagveltú). Ekki er ósennilegt að jarðhitinn í volgrunni sé tengdur þessum sprungum því nál.  $54^{\circ}\text{C}$  hiti er í sprungunum norður við Þjósá.



Nánari upplýsingar á rissmynd, mynd 2.

ATH.  $065^{\circ} = N65^{\circ}A$

ATH. Mæligildi á hitastigi eru nákvæm upp á ca.  $0.5^{\circ}\text{C}$ , en eru hér gefin upp á nákvæmari máta til innbyrðis viðmiðunar.




MYND 1  
Afstöðumynd af jarðhita í  
landi Skarðs og Stóra Klofa  
í Landmannahreppi.  
HeTo-3/9 1981







Mynd 2

Afstöðumynd af jarðhita í landi Lækjarbotna Lúnansholts í Landmannahreppi. Teinað

eftir loftmynd F1879

tekin 15/9 1977 Landmæl.Ísl.

tekið  
3/9 1981

